

## Fundargerð 204. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 13. júní 2018  
**Fundartími:** 15:00 – 18:05  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson  
Rósa Matthíasdóttir  
Hrafnkell Guðnason  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurður Ingi Sigurðsson  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund bauð fundargesti velkomna. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Kjör oddvita og varaoddvita

Skrifleg kosning um oddvita og varaoddvita fer fram samkvæmt 13. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Árni Eiríksson er kjörinn oddviti Flóahrepps með 5 atkvæðum.

Hrafnkell Guðnason er kjörinn varaoddviti Flóahrepps með 5 atkvæðum.

Sveitarstjórn samþykkir að kjörtímabil oddvita og varaoddvita sé hið sama og sveitarstjórnar sbr. 7.mgr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 2. Kjör fulltrúa í nefndir og ráð:

Til fjögurra ára:

##### Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. stjórn byggðasamlags:

Aðalmaður: Árni Eiríksson

Varamaður: Hrafnkell Guðnason

Samþykkt með 5 atkvæðum.

##### Skipulags- og byggingarnefnd:

Aðalmaður: Árni Eiríksson

Varamaður: Hrafnkell Guðnason

Samþykkt með 5 atkvæðum.

##### Kjörstjórn Flóahrepps:

Aðalmenn: Gísli Hauksson, formaður

Ingjaldur Ásmundsson

Ragna Larsen

Varamenn: Ólafur Þór Þórarinsson

Baldur Sveinsson

Rannveig Árnadóttir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

##### Fræðlunefnd Flóahrepps:

Aðalmenn: Hulda Kristjánsdóttir, formaður

Ægir Sigurðsson

Katharina Mareike Schacht

Axel Páll Einarsson

Alma Anna Oddsdóttir

Varamenn: Bjarni Stefánsson

Hilda Pálmadóttir

Reynir Þór Jónsson

Anný Ingimarsdóttir

Ólöf Ósk Magnúsdóttir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps:**

Aðalmenn: Ingunn Jónsdóttir, formaður  
Íris Grétarsdóttir  
Walter Fannar Kristjánsson  
Lilja Ómarsdóttir  
Almar Sigurðsson  
Varamenn: Bjarni Sigurðsson  
Victor Victorsson  
Hrafnhildur Baldursdóttir  
Heimir Bjarkason  
Alma Anna Oddsdóttir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Æskulýðs- og tómstundanefnd Flóahrepps:**

Aðalmenn: Davíð Ingi Baldursson, formaður  
Hallfríður Aðalsteinsdóttir  
Axel Páll Einarsson  
Varamenn: Bjarni Másson  
Walter Fannar Kristjánsson  
Lilja Ómarsdóttir

Samkvæmt núgildandi samþykktum æskulýðs- og tómstundanefnar er nefndin skipuð 5 fulltrúum þar sem 2 fulltrúar ungmenna eiga sæti í henni til viðbótar við kjörna fulltrúa. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir tilnefningum frá ungmennaráðsfulltrúum í fráfaramandi æskulýðs- og tómstundanefnd um tvo aðalmenn og tvo varamenn til setu í Æskulýðs- og tómstundanefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Bókun:

Við Rósa Matthíasdóttir og Sigurður Ingi Sigurðsson fulltrúar T lista samþykkjum þessa nefndarmenn en hefðum viljað sjá Axel Pál Einarsson sem formann þessarar nefndar þar sem enginn T listamaður hefur hlotið formennsku nefndar.

**Menningarnefnd Flóahrepps:**

Aðalmenn: Sigrún Hrefna Arnardóttir, formaður  
Rúnar Magnússon  
Halla Reynisdóttir  
Varamenn: Helgi Sigurðsson  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir  
Sveinn Orri Einarsson

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða:**

Aðalmenn: Reynir Þór Jónsson  
Þorsteinn Logi Einarsson  
Skeggi Gunnarsson  
Einar Magnússon  
Varamenn: Ingibjörg Einarsdóttir  
Þorsteinn Ágústsson  
Brynjar Jón Stefánsson  
Svanhvít Hermansdóttir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Skólaþjónustu- og velferðarnefnd:**

Aðalmaður: Sigurbára Rúnarsdóttir  
Varamaður: Sigríður Harðardóttir

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Mótatkvæði 2. (RM, SIS)

Við undirrituð Rósa Matthíasdóttir og Sigurður Ingi Sigurðsson hörmum að Anný Ingimarsdóttir hafi ekki fengið að vera fulltrúi í skólaþjónustu-og velferðarnefnd, þar sem að Anný Ingimarsdóttir hefur mikla reynslu og menntun í þessum málaflokki.

**Nefnd oddvita og sveitarstjóra, yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings:**

Aðalmaður: Árni Eiríksson

Varamaður: sveitarstjóri

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Fulltrúi í Héraðsnefnd Árnesinga:**

Aðalmaður: Árni Eiríksson

Varamaður: Hrafnkell Guðnason

**Áheyrnarfulltrúi T- lista í Héraðsnefnd Árnesinga:**

Aðalmaður: Rósa Matthíasdóttir

Varamaður: Sigurður Ingi Sigurðsson

Samþykkt 5 atkvæðum.

**Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:**

Aðalmaður: Árni Eiríksson

Varamaður: Hrafnkell Guðnason

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Almannavarnir Árnessýslu:**

Aðalmaður: Sveitarstjóri Flóahrepps

Varamaður: Árni Eiríksson

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Fulltrúi á aðalfund Sveitarfélaga á köldum svæðum:**

Aðalmaður: Sveitarstjóri Flóahrepps

Varamaður: Árni Eiríksson

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Fulltrúi á aðalfund Jöfnunarsjóðs:**

Aðalmaður: Sveitarstjóri Flóahrepps

Varamaður: Árni Eiríksson

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Fulltrúi á aðalfund Orkusveitarfélaga:**

Aðalmaður: Árni Eiríksson

Varamaður: Sveitarstjóri Flóahrepps

Samþykkt með 5 atkvæðum

Til eins árs:

**Fulltrúar á aðalfundi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:**

Aðalmenn: Árni Eiríksson

Hrafnkell Guðnason

Rósa Matthíasdóttir

Varamenn: Margrét Jónsdóttir

Stefán Geirsson

Sigurður Ingi Sigurðsson

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Fulltrúar á aðalfund Bergrisans:**

Aðalmaður: Árni Eiríksson

Hrafnkell Guðnason

Rósa Matthíasdóttir

Varamenn Margrét Jónsdóttir

Stefán Geirsson

Sigurður Ingi Sigurðsson

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands:**

Aðalmaður: Árni Eiríksson

Varamaður: Hrafnkell Guðnason

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands:**

Aðalmaður: Sveitarstjóri Flóahrepps

Varamaður: Árni Eiríksson

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **3. Starfshlutfall oddvita**

Tillaga um að starf oddvita Flóahrepps verði metið sem 45% stöðugildi. Sveitarstjóra er falið að ganga frá ráðningu oddvita sem starfsmanns sveitarfélagsins.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Mótatkvæði 2. (RM, SIS)

Bókun:

Í ljósi stefnu beggja lista fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, að sýna skuli ráðdeild í rekstri, þá leggjum við í T-listanum til að launagreiðslur oddvita Flóahrepps miðist við 30 % af þingfararkaupi. Því til stuðnings er vísað í skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga, „Könnun á kjörum sveitarsjórnarmanna og framkvæmdastjóra sveitarfélaga 2018“. Af þeirri skýrslu má ráða að laun oddvita í Flóahreppi séu í hærri kantinum. Í umræddri skýrslu kemur fram að í sveitarfélögum með íbúafjölda 500 – 999 eru einungis 3 oddvitar af 14 með hærri laun en 300.000 kr á mánuði.

Rósa Matthíasdóttir, Sigurður Ingi Sigurðsson.

### **4. Ráðning sveitarstjóra**

Eydís Þ. Indriðadóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga var óvissa um hvort núverandi sveitarstjóri Flóahrepps Eydís Þ Indriðadóttir hefði hug á að framlengja starf sitt hér. Nú liggur hins vegar fyrir vilji Eydísar til að sinna starfinu áfram næsta kjörtímabil.

Í ljósi þess að hún hefur sinnt störfum sínum af samviskusemi, metnaði og verið okkur til sóma þar sem hún hefur komið fram fyrir okkar hönd leggjum við undirrituð til að Eydís Þ Indriðadóttir verði ráðin sveitarstjóri Flóahrepps til næstu fjögurra ára og föllum jafnframt frá áformum um að auglýsa stöðu sveitarstjóra.

Ráðningasamningur verði framlengdur um fjögur ár. Samningur verður óbreyttur að undanskildum föstum akstursgreiðslum sem falla niður, að ósk Eydísar. Sveitarstjóra verður greiddur akstur í þágu sveitarfélagsins samkvæmt akstursdagbók.

Fulltrúar Flóalistans

Árni Eiríksson

Hrafnkell Guðnason

Margrét Jónsdóttir

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að Eydís Þ. Indriðadóttir verði ráðin sveitarstjóri Flóahrepps til næstu fjögurra ára. Ráðningarsamningur við sveitarstjóra verður framlengdur, föst greiðsla vegna aksturs fellur niður og akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók. Tillaga oddvita er að laun sveitarstjóra verði uppfærð samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar 1. nóvember ár hvert við greiðslu launa 1. desember á hvert. Hækkunir munu ekki fylgja hækkun á þingfararkaupi eins og eldri samningur gerir ráð fyrir. Oddvita falið að ganga frá ráðningarsamningi við Eydísi. Samþykkt með þremur atkvæðum og tveir á móti (RM og SIS).

Bókun:

Stefna beggja lista fyrir síðustu sveitastjórnarkosninga var skýr um að auglýsa skyldi starf sveitarstjóra Flóahrepps. Sætir það því mikilli furðu þessi kúvending L-listans. Það er skýlaus krafa T-listans að staða sveitarstjóra sé auglýst og staðið sé við gefin loforð. T-listinn samþykkir því ekki þessa ráðningu.

Rósa Matthíasdóttir og Sigurður Ingi Sigurðsson.

Bókun:

Ástæða þess að við fulltrúar Flóalistans föllum frá að auglýsa starf sveitarstjóra er að eftir kosningar upplýsti sveitarstjóri okkur um að hún sé tilbúin að starfa næsta kjörtímabil. Það væru fráleit vinnubrögð að horfa framhjá starfandi sveitarstjóra, hæfum starfsmanni með reynslu, þekkingu og öllum málum kunnug eftir fjögurra ára starf hjá okkur. Mað hagsmuni sveitarfélagsins og íbúa að leiðarljósi tókum við því ákvörðun um að framlengja ráðningarsamning sveitarstjóra um fjögur ár.

Árni Eiríksson, Hrafnkell Guðnason og Margrét Jónsdóttir.

**5. Fundartími sveitarstjórnar**

Afgreiðslu frestað en næsti fundur verður miðvikudaginn 4. júlí kl. 8:30.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Greiðslur fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og stjórnnum á vegum Flóahrepps**

Greiðslur til sveitarstjórnarmanna og kjörinna fulltrúa í nefndum á vegum Flóahrepps verða þær sömu og í lok síðasta kjörtímabils og taka breytingum miðað við launavísitölu hagstofunnar. Endurútreikningur miðast við 1. nóvember. Greiðsla akstursgjalds fyrir akstur í þágu Flóahrepps er samkvæmt nýjustu auglýsingu ferðakostnaðarnefndar Fjármála- og efnahagsráðuneytis hverju sinni.

Samþykkt með 3 atkvæðum .

Mótaskvæði 2. (RM, SIS)

Bókun frá Rósu Matthíasdóttur og Sigurði Inga Sigurðssyni T-listanum. Lagt er til að laun sveitarstjórnarfulltrúa verði lækkuð í 6,7 % af þingfararkaupi.

**b) Greiðslur til oddvita Flóahrepps**

Sveitarstjórn samþykkir að laun oddvita verði óbreytt frá því sem verið hefur og taki breytingum skv. launavísitölu. Auk þess verður greiddur símakostnaður og akstur í þágu sveitarfélagsins samkvæmt akstursdagbók.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Mótaskvæði 2. (RM, SIS)

Bókun:

Í ljósi stefnu beggja lista fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, að sýna skuli ráðdeild í rekstri, þá leggjum við í T-listanum til að launagreiðslur oddvita Flóahrepps miðist við 30 % af þingfararkaupi. Því til stuðnings er vísað í skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga „Könnun á kjörum sveitarsjórnarmanna og framkvæmdstjóra sveitarfélaga 2018“. Af þeirri skýrslu má ráða að laun oddvita í Flóahreppi séu í hærri kantinum. Í umræddri skýrslu kemur fram að í sveitarfélögum með íbúafjölda 500 – 999 eru einungis 3 oddvitar af 14 með hærri laun en 300.000 kr á mánuði.

Rósa Matthíasdóttir, Sigurður Ingi Sigurðsson.

**7. Tölvumál sveitarstjórnar**

Sveitarstjórn Flóahrepps leggur til að sveitarstjóra verði falið að leita hagkvæmustu leiðar til þess að afhenda sveitarstjórn tilbúna nýjar fartölvur eða ípad eftir óskum hvers og eins með þeim forritum og leyfum sem til þarf vegna starfa sinna við sveitarstjórn Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Fyrirliggjandi fundir**

Fundur skipulags- og byggingarnefndar dags. 14. júní n.k.

Fundur Héraðsnefndar ?

Fundur sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 4. júlí n.k.

Auka-aðalfundur SASS dags. 27. júní n.k.

Auka-aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands dags. 27. júní 2018

**9. Samstarfssamningur: Flóahreppur – Hitaveita Áshildarmýrar**

Lagður fram samstarfssamningur Flóahrepps og Hitaveitu Áshildarmýrar vegna lagningar ljósleiðara og vatnsveitu á vegum þessara aðila ásamt kostnaðaráætlun. Ný vatnslögn verður lögð með Skeiðavegi til þess að auka afhendingaröryggi veitunnar ásamt ljósleiðara.

Ljósleiðari verður auk þess lagður með hitaveitusstofni að Hnaus og þeim stöðum á þeirri leið sem taka inn hitaveitu. Áætlaður kostnaður Flóahrepps er 10,7 milljónir króna.

Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum

**10. Flóaljós**

Sveitarstjórn Flóahrepps felur verkefnisstjóra Flóaljóss, í samráði við sveitarstjóra, að afla tilboða hjá þar til bærnum aðilum í gerð útboðsgagna vegna lagningar á ljósleiða um sveitarfélagið. Útboðsgögnin skulu ná yfir verklega þætti verkefnisins þar með talið jarðvegsvinnu, blástur á ljósleiðarastrengjum og samtengingu þeirra sem og alla aðra verklega þætti verksins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### 11. Vinnuskóli Flóahrepps

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að bjóða nemendum úr 7. bekk að taka þátt í vinnuskóla Flóahrepps í 2 vikur sumarið 2018.

Lagt fram erindi fr.á Bjarna Sveinssyni umsjónarmanni í Reiðskóla Sleipnis þar sem hann óskar eftir framlagi eins unglings til viðbótar við þann sem samningur Flóahrepps og Sleipnis kveður á um.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur nú þegar samþykkt framlag eins unglings umfram samning Sleipnis vegna reiðskóla á svæðinu, þannig að hún sér sér ekki fært að verða við beiðninni. Samþykkt með 5 atkvæðum.

### 12. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi – Umsögn vegna rekstrarleyfis, Litlholt ehf

Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar Litlhólts ehf. um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum, fyrir Höfðatún í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins að því tilskyldu að ekki komi athugasemdir frá byggingarfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eða Brunavörnum Árnassýslu.

Samþykkt með 5 atkvæðum

### 13. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi – Umsögn vegna rekstrarleyfis, 360 gráður ehf

Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar frá 360 gráðum um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum fyrir Hótel í Hnausi.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins að því tilskyldu að ekki komi athugasemdir frá byggingarfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eða Brunavörnum Árnassýslu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### 14. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

### 15. Fundargerðir:

#### a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 202 dags. 16.05.2018

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### b) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 203 dags. 25.05.2018

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### c) Skólaþjónustu og velferðarnefndar Árneshvíls nr. 27, dags. 07.05.2018

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### d) Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 22, dags. 04.05.2018

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### e) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 187, dags.31.05.2018

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### f) Stjórnar Bergrisans nr. 33, dags. 08.05.2018

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### g) Faghóps sveitarfélaganna í ferðamálum dags. 28. og 29. maí

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### h) Stjórnar SASS nr. 532, dags. 3. og 4.05.2018

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### 16. Til kynningar:

#### a) Sveitarstjórnarlög nr. 138, 2011

#### b) Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps

#### c) Erindi til Vegagerðarinnar á Selfossi frá Flóahreppi

#### d) Ársskýrsla Heilbrigðisnefndar Suðurlands

#### e) Frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls - Niðurstöður í Hljóm-2 athugun á hljóð og málkerfisvitund leikskólabarna í Árneshvíli 2013 – 2017

#### f) Ársreikningur Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. 2017

#### g) Afrit af bréf Árborgar til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis vegna sveitarfélagamarka Flóahrepps og Árborgar sbr. bókun SF\_200

- h) Frá Skipulagsstofnun - Aðalskipulag Flóahrepps 2016 – 2028 – Afrit**
- i) Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands – kynning á fræðsluefni**
- j) Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um frumvörp til laga: 248. og 467. mál**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.05

Árni Eiríksson (sign)  
Rósa Matthíasdóttir (sign)  
Hrafnkell Guðnason (sign)  
Margrét Jónsdóttir (sign)  
Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)  
Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)